

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Húnavatnshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðu- og sorpeyðingargjald sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldskrá er sem hér greinir:

Sorphirðugjald á íbúðir, lögbýli, íbúðarhús	kr. 5.000
Sorpeyðingargjald á íbúðir, lögbýli, íbúðarhús	kr. 3.000
Sorpeyðingargjald á sumarhús	kr. 2.000
Sorpeyðingargjald á fyrirtæki:	
Flokkur 1	kr. 6.000
Flokkur 2	kr. 22.000
Flokkur 3	kr. 43.000
Flokkur 4	kr. 74.000
Flokkur 5	kr. 105.000

Hreppsnefnd raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi þeirra.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af hreppsnefnd Húnavatnshrepps 9. janúar 2008, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra. Gjaldskráin er sett með heimild í 7. gr. samþykktar nr. 56/2008 um sorphirðu í Húnavatnshreppi og skv. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu.

Húnavatnshreppi, 21. febrúar 2008.

Jens P. Jensen sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 6. mars 2008